

## **Minnisblað** **ferðapjónusta fatlaðs fólks**

**Framkvæmdahópur SSH um ferðapjónustu fatlaðra** var skipaður af framtíðarhópi Sambands sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) í júní 2011. Fulltrúi Hafnarfjarðar og jafnframt formaður hópsins var Gunnar Rafn Sigurbjörnsson, sviðsstjóri. Framkvæmdahópurinn skilaði lokaskýrslu í ágúst 2011 og voru tillögur hópsins eftirfarandi:

Hópurinn sammæltist um að góð lausn á samvinnu í ferðapjónustu fatlaðs fólks og blindra þyrfti að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a. Að heildarkostnaður við þjónustuna og meðalverð pr. ferð verði sem lægst
- b. Þjónustustigið verði ekki lakara en það er í dag
- c. Ásættanlegt sé að þjónustuna þurfi að panta með dags fyrirvara
- d. Æskilegt að hægt sé að bjóða mismunandi þjónustustig á mismunandi verði og auka þannig sveigjanleika í þjónustuveitingunni
- e. Hægt verði að ná pólitískri sátt um lausnina
- f. Fulltrúar hagsmunaaðila verði ekki ósáttir við lausnina
- g. Lausnin verði markaðslaun og samkeppni tryggð
- h. Tryggt verði að samstarf ríki milli þjónustuaðila þegar fólk úr mismunandi sveitarfélögum er að ferðast saman milli staða
- i. Fyllstu umhverfissjónarmiða verði gætt við framkvæmd þjónustunnar

Í ljósi ofangreindra áhersluatriða var tillaga hópsins að efnt yrði til samvinnu allra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu við útboð á ferðapjónustu fatlaðs fólks. Stofnaður yrði sérstakur undirbúningshópur sem myndi fá það verkefni að undirbúa sameiginlegt útboð. Stefnt var að því að útboðið færi fram ekki síðar en í nóvember 2011.

Fyrsti fundur **vinnuhóps um útboð ferðapjónustu fatlaðs fólks** var hadlinn 1. mars 2012. Vinnuhópurinn hélt 23 fundi og var lokafundurinn haldinn 28. maí 2014. Fulltrúi Hafnarfjarðar í vinnuhópnum var Guðmundur Ragnar Ólafsson, innkaupastjóri. Vinnuhópurinn studdist við lokaskýrslu framkvæmdahópsins frá 2011. Í upphafi lá ljóst fyrir að Kópavogur myndi ekki vera aðili að samkomulaginu þar sem þeir voru með gildandi samning við Smartbíla vegna ferðapjónustu fatlaðra. Verkfræðistofan Verkís var fengin til að vinna skýrslu um mögulegt skipulag ferðapjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu. Strætó bs. hafði ekki áhuga á að taka að sér umsýslu verkefnisins sbr. fundargerð 3. fundar frá 13. mars 2012. Allar fundargerðir vinnuhópsins eru vistaðar í skjalakerfi bæjarins. Í nóvember 2013 kom fram ósk frá Strætó bs. um að fá að taka að sér umsýslu verkefnisins. Vinnuhópurinn samþykkti á fundi þann 7. jan 2014 að ganga til viðræðna við Strætó bs. eftir að stjórn SSH hafði samþykkt það. Samanber fundargerð vinnuhóps frá 7. jan 2014. Fram kom að Hörður Hilmarsson (formaður vinnuhópsins) kynnti á fundi stjórnar SSH 2. desember sl. hugmyndir Strætó bs. og þá afstöðu vinnuhópsins að mæla með því að tillögur fyrirtækisins yrðu teknar til frekari skoðunar sem kostur til að leysa stjórnsýslu- og umsýsluþátt verkefnisins. Stjórn SSH féllst á afstöðu vinnuhópsins og fól honum að vinna áfram samkvæmt henni

Niðurstöður vinnuhópsins voru sendar til umfjöllunar í stjórn SSH ásamt meðfylgjandi vinnuskjölum: Samkomulag sveitarfélaganna, sameiginlegar reglur og þjónustulýsing. Sbr fylgiskjal **bref SSH 07042014.**

**Á fundi bæjarráðs 27. febrúar 2014** (sjá bókun neðst í skjali) kom fram fyrirspurn frá þáverandi minnihluta um hvað orsakaði tafir á útboði SSH vegna ferðapjónustu fatlaðra. Svar kom frá þáverandi

meirihluta á næsta fundi **bæjarráðs eða 12. mars 2014** (sjá bókun neðst í skjali) þar sem lagðar voru fram lokatillögur framkvæmahópsins hér að ofan. Í svari meirihlutans kemur einnig fram að ferðapjónusta fatlaðra hefur sjö sinnum komið til umfjöllunar frá upphafi þessarar vinnu í fjölskylduráði og bæjarráði.

**Á fundi bæjarráðs 10. apríl 2014** (sjá bókun neðst í skjali) var lagt fram erindi stjórnar SSH vegna samnings um sameignlega ferðapjónustu fatlaðs fólks. Erindi stjórnar SSH var byggt á vinnu vinnuhópsins. Bæjarráð samþykkti fyrirbyggjandi drög. Fundargerð bæjarráðs frá 10. apríl var síðan lögð fram í bæjarsjórn 16. apríl 2014 og samþykkt án frekari umræðu.

## **Kostnaður og kostnaðarskipting**

Eins og fram kemur í lokaskýrslu framkvæmdahópsins þurfti að uppfylla eftirfarandi skilyrði til þess að farið yrði í samvinnu vegna ferðapjónustunnar: Heildarkostnaður við þjónustuna og meðalverð fyrir hverja ferð verði sem lægst án þess að þjónustan skerðist.

Í 7. gr samkomulagsins er fjallað um kostnað og kostnaðarskiptingu og hljóðar greinin svo:

- Kostnaður sveitarfélaganna er annars vegar þjónustugjald til Strætó bs. vegna reksturs þjónustuvers, útboðs og eftirlits með verk tökum sem og reikningagerðar og innheimtu hjá sveitarfélögum og notendum þjónustunnar. Kostnaður vegna þessarar þjónustu skiptist milli þeirra sveitarfélaga sem nýta þessa þjónustu miðað við íbúafjölda í janúar ár hvert. Kostnaðartilboð frá Strætó var kr. 75.000.000 á ársgrundvelli og hækkar miðað við lánskjaravísitölu á þriggja mánaða fresti.
- Hins vegar greiða sveitarfélögin Strætó bs. verktakakostnað samkvæmt útboði, vegna aksturs umfram fargjöld frá notendum viðkomandi sveitarfélags. Aksturskostnaðurinn skiptist milli sveitarfélaga miðað við skráða notkun.

Ekki var ljóst við gerð fjárhagsáætlunar 2015 hver endanlegur kostnaður yrði vegna ferðapjónustu fatlaðra. Þess vegna var farin sú leið að áætla sama kostnað og 2014 í fjárhagsáætlun 2015. Var það ákveðið með hliðsjón af skilyrðunum sem fram koma í lokaskýrslu framkvæmdahópsins þar sem fyrsta skilyrði hljóðar svo: „Að heildarkostnaður við þjónustuna og meðalverð pr. ferð verði sem lægst“. Aðalástæðan fyrir því var að endanlegur kostnaður vegna útboðsins lá ekki fyrir við gerð fjárhagsáætlunar 2015. Ekki voru því forsendur fyrir því að áætla annað en óbreytta tölu frá 2014.

Þegar bornir eru saman reikningar vegna ferðapjónustu fatlaðra í janúar og febrúar milli árána 2014 og 2015 þá kemur fram kostnaðaraukning hjá Hafnarfjarðarbæ upp á 100%. Þegar bornir eru saman reikningar fyrir sömu tímabil fyrir Mosfellsbæ og Seltjarnanes þá er kostnaðarauki bæjarfélaganna 50%. Það kemur í ljós að samningurinn við Hópbíla sem þjónustuðu Hafnarfjörð virðist hafa verið hagstæðari en viðgengst í öðrum sveitarfélögum. Meðalverð fyrir hverja ferð í janúar 2014: Hafnarfjörður kr. 1.606, Mosfellsbær kr. 2.216 og Seltjarnanes kr. 2.477 setja þetta betur upp. **Sjá fylgiskjal Samanburður 2014-2015**

Samkvæmt Strætó bs. þá er kostnaðurinn í hámarki í janúar en fer aðeins lækkandi vegna febrúar. Væntanlega mun koma lækkun þegar reynsla er komin á þjónustuna. Strætó treystir sér ekki til að setja fjárhæð á hvað reikningurinn frá og með mars 2015 muni lækka. Í mars munu líka bílar samkvæmt A samningi vera orðnir fleiri, eða eins og samningurinn gerir ráð fyrir. En akstur samkvæmt A samningi er hagkvæmastur og er þar keyrt samkvæmt daggjaldi. Það er í jan/feb 42%-43%. Þá held ég að það sé nokkuð ljóst að mistökum í akstursþjónustu muni fækka stórlega þegar líður á tímabilið. Þarf að breyta þessu eitthvað.

### Ástæður fyrir kostnaðaraukningu:

- Við innleiðingu verkefnisins virðist sem innra skipulag hafi ekki verið nægilega undirbúið með þeim afleiðingum að verkefnið riðlaðist allt. Þetta orsakaði endalausar óhaghvæmari og dýrari lausnir. Eða eins og segir í skýrslu neyðarnefndarinnar: „ Ferðaþjónusta fatlaðra er mikilvæg þjónusta en viðkvæm vegna ólíkra og persónubundinna þarfa einstakra notenda. Því þarf að tryggja að komið sé til móts við þær þarfir eins og nokkur kostur er.“
- Hjólastólabifreiðar sem við notum í nýja samningnum taka helmingi færri stóla en bifreiðarnar gerðu í eldri samningi vegna aukinna öryggisreglna.
- Hlutfall bifreiða samkvæmt A-samningi, sem eru ódýrustu bifreiðarnar og keyra samkvæmt daggjaldi, er aðeins 43% af heildarkostnaði. Þetta hlutfall ætti að vera hærra samkvæmt upplýsingum frá Strætó bs. Hlutfall A- samnings mun hækka frá og með mars. Strætó bs. treystir sér ekki til að segja hversu mikið kostnaðurinn muni lækka.
- Samningur okkar við Hópbíla var töluvert lægri heldur en samningar vegna akstursþjónustu fatlaðra í nágranasveitarfélögunum (Mosfellsbær og Seltjarnanes). Rétt er að geta þess að Hafnarfjörður borgaði kr. 3.000.000 til endurnýjunar á bifreiðum hjá Hópbílum þar sem þær voru löngu úreltar. Einnig má taka fram að samningurinn við Hópbíla var löngu útrunninn.
- Við gerð janúarreiknings var beitt þeirri útreikningsaðferð að rukkað var út frá meðaltalsverði þannig að öll sveitarfélögin borguðu sama verð per ferð. Strætó er að endurreikna janúar þar sem aðallaga er stuðst við ekna vegalengd en samt aðeins stuðst við fjölda ferða. Ekki er ljóst hvort þetta muni hækka eða lækka kostnaðinn hjá Hafnarfjarðarbæ.
- Þá er rétt að taka fram að verkefnið hefur aðeins verið starfrækt í rúma 2 mánuði og fullvíst má telja að kostnaður muni fara lakkandi þegar starfsmenn hafa náð tókum á verkefninu og kerfið farið að virka eins og til var ætlast.

### Afrit af bókunum:

Bæjarráð 27. febrúar 2014

**11. 1402473 - Akstursþjónusta fatlaðra, fyrirspurn Bæjarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram eftirfarandi fyrirspurn:**  
*"Bæjarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins óska eftir upplýsingum um hvers vegna forval á vegum SSH vegna útboðs á ferðaþjónustu fatlaðra hefur tafist. Alvarleg gagnrýni hefur komið fram á ástand og öryggisbúnað í þeim bifreiðum sem notaðar eru til ferðaþjónustu fatlaðra. Endurnýjun farartækjanna hefur ekki getað átt sér stað þar sem útboð á ferðaþjónustunni hefur dregist og verið í undirbúningi í nokkur ár."*

Bæjarráð 12. mars 2014

**10. 1109068 - SSH framtíðarhópur, ferðaþjónusta fatlaðra Innkaupastjóri mætti á fundinn og fór yfir fyrirkomulag á ferðaþjónustu fatlaðs fólks og stöðu fyrirhugaðs útboðs. Jafnframt lagt fram svar við fyrirspurn frá síðasta bæjarráðsfundi varðandi akstursþjónustu fatlaðra, mál 1402473.**

Sjá fylgiskjal Bæjarráð 12. mars 2014.pdf

Bæjarráð 10. apríl 2014

**. 1109068 - SSH framtíðarhópur, ferðaþjónusta fatlaðra Lagt fram erindi stjórnar SSH vegna samnings um sameiginlega ferðaþjónustu fatlaðs fólks sent í tölvupósti 8. apríl 2014. Innkaupastjóri mætti á fundinn og fór yfir málið. Niðurstaða fundar:** Bæjarráð samþykkir

fyrirliggjandi tillögu að samkomulagi um sameiginlega ferðaþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu.

**Önnur fylgiskjöl:**

Sameiginlegar reglur ferðaþjónustu fatlaða.pdf

Samkomulag sameiginleg ferðaþjónust fatlaða.pdf

Þjónustalýsing sameiginleg ferðaþjónusta fatlaða.pdf